

Reykjavík, 22. febrúar 2019

## Ársfjórðungsleg birting sundurliðunar fjárfestinga samtryggingar og séreignar

Fjármálaeftirlitið hefur hafið ársfjórðungslega birtingu upplýsinga úr innsendum skýrslum um sundurliðun fjárfestinga samtrygginga- og séreignadeilda lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila séreignasparnaðar. Fram að þessu hafa upplýsingarnar verið birtar í árlegri útgáfu sem ber heitið Samantekt úr ársreikningum lífeyrissjóða.

Markmið með nefndri birtingu er að auka gagnsæi og upplýsingagjöf til sjóðfélaga, hagsmunaaðila og greiningaraðila, með upplýsingum á aðgengilegu og læsilegu formi.

Birting upplýsinganna verður með sama hætti og tegundaflokkun fjárfestinga sem kveðið er á um í 36. gr. laga nr. 129/1997. Þannig eru birtar upplýsingar um heildarfjárfestingar eftir eignaflokkum, án þess þó að notandinn geti aflað sér upplýsinga um einstaka fjárfestingar og útgefendur verðbréfa.

Eftirfarandi upplýsingar verða birtar:

### Samtrygging:

- Tafla 1.1 Heildareignir og eignir í erlendri mynt eftir samtryggingadeildum
- Tafla 1.2 Heildareignir og eignir í erlendri mynt eftir eignaflokkum
- Tafla 1.3 Eignir einstakra samtryggingadeilda eftir eignaflokkum

### Séreign:

- Tafla 2.1 Heildareignir og eignir í erlendri mynt eftir séreignardeildum<sup>1</sup>
- Tafla 2.2 Heildareignir og eignir í erlendri mynt eftir eignaflokkum
- Tafla 2.3 Eignir einstakra séreignadeilda eftir eignaflokkum

Áformað er að birta upplýsingarnar fjórum til sex vikum eftir hver ársfjórðungsleg skýrsluskil lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila til Fjármálaeftirlitsins. Þær verða birtar á vef Fjármálaeftirlitsins [www.fme.is/utgefing-efni/tolulegar-upplýsingar](http://www.fme.is/utgefing-efni/tolulegar-upplýsingar)

Fjármálaeftirlitið telur að aukið upplýsingagjöf og gagnsæi um fjárfestingar lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila sé af hinu góða og þjóni hagsmunum sjóðfélaga. Sjóðfélagar munu með aðgengilegum hætti geta séð samsetningu síns eigin sparnaðar í samtryggingu og séreign. Sömuleiðis munu greinendur á markaði og hagsmunaaðilar hafa hag af tíðari og aðgengilegri upplýsingagjöf um fjárfestingar á lífeyrismarkaði.

Hér að neðan er að finna stutta samantekt á helstu breytingum í fjárfestingum lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila séreignasparnaðar. Fjárhæðir byggja á innsendum skýrslum lífeyrissjóða og vörsluaðila áður en endurskoðun hefur farið fram. Lokatölur fyrir síðasta ársfjórðung kunna því að breytast eftir yfirferð Fjármálaeftirlitsins og endurskoðun. Þá er hér einnig að finna samanburð við fjárfestingar lífeyrissjóða í völdum löndum innan OECD.

---


<sup>1</sup> Séreignasparnaður í vörslu lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila

### Sundurliðun fjárfestinga samtryggingadeilda lífeyrissjóða

Heildareignir samtryggingadeilda lífeyrissjóða námu 3.800 milljörðum við árslok 2018 og hækkuðu um nærri 300 milljarða kr. á árinu. Helstu breytingar á eignaflokkum eru þær að veruleg aukning hefur orðið á fasteignaveðtryggðum skuldabréfum, sem nemur um 100 milljörðum kr., vegna aukinna umsvifa lífeyrissjóða á fasteignalánnum til sjóðfélaga. Í takt við erlendar fjárfestingar sjóðanna hafa eignir í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða aukist um 118 milljarða kr. Krónan veiktist á liðnu ári og námu erlendar eignir 1.100 milljörðum kr. eða nærri 30% af heildareignum. Skuldabréf útgefin af félögum hafa og aukist töluvert eða um 58 milljarða kr. frá áramótum. Óverulegar breytingar eru í öðrum eignaflokkum, fyrir utan að eignir í ríkisskuldabréfum hafa lækkað um 11 milljarða kr. og innstæður um 22 milljarða kr.

Hlutfallslegar breytingar á skiptingu eignaflokka af heildareignum sjóðanna, vegna fjárfestinga á liðnu ári, eru þær helstar að eignir í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða (UCITS) hækkuðu úr 18% í 19%. Hlutdeild fasteignaveðtryggðra skuldabréfa hækkuðu sömuleiðis úr 10% í 12%. Hluttur ríkisvíxla og skuldabréfa af heildareignum lækkaði hinsvegar úr 30% í 27% og er það lægsta hlutdeild um áratugaskeið.


### Mynd 1 Hlutfallsleg skipting eignaflokka samtryggingadeilda lífeyrissjóða við árslok 2018



Í samanburði við valin lönd innan OECD er ljóst að vægi eignaflokka er mjög mismunandi. Vægi skuldabréfa er til að mynda mjög hátt á Íslandi í þeim samanburði. Þó verður að taka til greina að flokkun OECD verður að telja mjög ónákvæma vegna þess hversu stór hluti er þar flokkaður sem annað (aðrar fjármálafurðir). Að öllum líkindum falla þar undir þennan flokk meðal annars

vátryggingaafurðir, fagfjárfestasjóðir og afleiður. Hlutabréfaeign lífeyrissjóða er mun minni hér á landi en í Hollandi og Danmörku en svipuð og í Bretlandi.

**Mynd 2 Vægi eignaflokka lífeyrissjóða valinna landa við árslok 2017**



Heimild: OECD, FME

### Sundurliðun fjárfestinga séreignasparnaðar

Heildareignir séreignasparnaðar í vörslu lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila nam 630 milljörðum við árslok 2018. Aukning nam um 66 milljörðum kr. eða um 12%. Stærstur hluti þessara eigna er í vörslu lífeyrissjóða eða nálægt  $\frac{3}{4}$ . Að meginstofni til eru eignir vörsluaðilanna, nærri 63%, þ.a.e.s innlán, hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og verðbréf með ábyrgð ríkisins. Þetta eru eignir sem allajafna eru auðseljanlegar til að mæta kröfum um innlausnir og réttindaflutning sem átt getur sér stað með stuttum fyrirvara.

**Mynd 3 Sundurliðun fjárfestinga séreignasparnaðar við árslok 2018**

